



Sumarferð á vegum FEBG.

Suðurland – Þingvellir -Laugarvatn – Stöng – Urriðafoss- Vatnsholt - Selfoss.

Ferð um Suðurland 28. Ágúst á vegum félags eldri borgara í Garðabæ.

Brottför frá Jónshúsi kl. 09.00 og Garðatorgi kl. 09.05. Ekið sem leið liggur frá Garðabæ um Suðurland. Mosfellsbær – Þingvellir /Hakið/Vellirnir verðum þar rétt um 10:00, hálf tíma stopp

kl. 11:00 -haldið áfram og ekið sem leið liggur um Vatnsvíkina og yfir Lyngdalsheiðina og komið á Laugarvatn þar sem við fáum hádegisverð

kl. 12.50 er svo lagt af stað aftur og ekið sem leið liggur um Laugarvatn um Reykholt, um Hrunamannahreppinn og yfir í Þjórsárdal þar sem við stoppum og skoðum hið sögufræga setur að Stöng, Þjóðveldisbæinn og hið fallega, sögufræga svið Íslandssögunnar.

Kl. 15.20 er lagt af stað og þá ekið um Þjórsárdalinn og um sveitina, fylgjum sagnaslóðum um Hrunamannahrepp og Skeiða og Gnúpverjahrepp skoðum Þjórsárstofu sem er gestastofa og upplýsingamiðstöð, staðsett í Árnesi. Þar er meðal annars boðið uppá áhugaverða kvikmyndasýningu um Þjórsá, þar sem ánni er fylgt frá upptökum til ósa, og brugðið upp myndum úr næsta nágrenni hennar, staðháttum og mannlífi. Í Þjórsárstofu að finna mikið magn upplýsinga á gagnvirkum skjám, veggspjöldum og í bæklingum um þjónustu, sögu, náttúrufar, dýra- og mannlíf á svæðinu.

Kl. 16. 25 er komið að Urriðafossi. Förun og virðum fyrir okkur þessa vatnsmiklu á og magnaða fossa í Urriðafossi.

Kl . 17.00 gerum við ráð fyrir að vera í Vatnsholti og höldum áfram og fáum ljúfengan kvöldverð á Selfossi kl. 18. 00 á Selfossi þar sem við gerum stans og förun svo sem leið liggur um Hellisheiðina og í Garðabæ.

Heimkoma er áætluð í Garðabæ kl. ca 20.30.

Fararstjóri í ferðinni er Sigurbergur Árnason leiðsögumaður.

Verð er kr. 17.990. Innifalið í ferðinni er; rúta, hádegisverður á Laugarvatni, aðgangur að söfnum og kvöldverður á Selfossi.